

Sameiginleg yfirlýsing norrænu menningarmálaráðherranna, 9. maí 2018
innan ramma norræna leiðtogafundarins um menningarmál í Malmö 8.–9. maí 2018

#églíka-byltingin hefur haft mikil áhrif á Norðurlöndunum og leitt í ljós alvarlegar afleiðingar þess að skort hefur þekkingu og stefnumótun er varðar kynferðislega áreitni á mörgum sviðum samfélagsins. Ýmiskonar áköll um umbætur í þessum málaflokki hafa komið fram í löndunum okkar og hefur kastljósið meðal annars beinst að menningarstarfsemi.

Norræna upplýsingaveitan um kynjafræði hefur kortlagt lagaumhverfi kynferðislegrar áreitni og vernd í atvinnulífi á Norðurlöndum. Málið er í raun mjög einfalt – kynferðisleg áreitni er ólögleg. Hvarvetna á Norðurlöndum hvílir sú skylda á vinnuveitendum að koma í veg fyrir og bregðast við kynferðislegri áreitni og löggjöf norrænu landanna gegn kynferðislegri áreitni er skýr í samanburði við löggjöf landa í öðrum heimshlutum. Það fer þó ekki á milli mála að eftirfylgni við lögin hefur víða verið ábótavant á vinnumarkaði. Halda verður umræðunni vakandi um hvernig geti staðið getur á því að kynferðisleg áreitni, ofbeldi og einelti viðgangist árið 2018 og hvaða aðgerða sé þörf til að fá því breytt.

Við, norrænu menningarmálaráðherrarnir, erum ákveðnir í að gera allt sem í okkar valdi stendur til að hér verði breyting á. Við getum dregið lærdóm hvert af öðru. Þess vegna verður umræðan áfram að vera í brennidepli innan hvers lands, á vettvangi Norðurlanda og alþjóðasamfélagsins og hún er jafnmikilvæg á öllum sviðum starfs okkar – í menningu, fjölmiðlum og íþróttum.

Hér er um að ræða vernd gegn mismunun en einnig jafnréttismál í víðu samhengi. Jafnrétti er ein af forsendunum fyrir þeirri velgengni sem Norðurlöndin njóta og er sjálfgefið að við í Norrænu ráðherranefndinni um menningarmál tökum mið af jafnréttissjónarmiðum í öllu okkar starfi. Jafnframt er ljóst að frekari aðgerða er þörf í norrænu samstarfi. Við felum því skrifstofu ráðherranefndarinnar að undirbúa áframhaldandi umræðu um vernd gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi og aðgerðir er stuðla að auknu öryggi á vinnustöðum innan okkar verksviða.

Jafnvel þótt kastljósinu verði beint annað hvikum við ekki frá því að láta okkur þessi mál varða.

Menningarmálaráðherrar Norðurlandanna